

## Haustþing SSNV – Haldið á Blöndósi 15. október 2024

Ágætu sveitarstjórnarfulltrúar, ráðherra, þingmenn og aðrir gestir.

Á degi sem þessum kemur ýmislegt upp í hugann sem varðar málefni okkar landshluta, Norðurland vestra. Ég ætla samt ekki að tala um ríkisstjórnina eða pólitískt ástand í landinu, en það á pólitíkin sammerkt með veðrinu að það er hægt að tala um hvorutveggja endalaust.

Ég ætla hins vegar að tala um landshlutann okkar en hann er landfræðilega nokkuð stór en samt frekar fámennur, hér búa einungis um 2% þjóðarinnar eða um 7.500 manns. Sé horft á þróun íbúafjölda í landinu þá hefur hann verið mun hægari hér en í öðrum landshlutum síðustu ár eða einungis um 20% af meðaltalsfjölguninni á landinu öllu. Þetta er ekki jákvætt en hverjar eru ástæðurnar?

Ef við horfum yfir sviðið þá er landshlutinn eitt öflugasta landbúnaðarsvæði landsins með mikla landbúnaðartengda framleiðslu, en jafnframt líka mikið ónýtt land til frekari ræktunnar og aukinnar framleiðslu. Það er tækifæri. Við höfum líka mörg önnur tækifæri og möguleika sem þarf að nýta betur en gert er í dag og þá ekki síst á sviði ferðaþjónustu, en í landshlutanum er mikill sagnaarfur og náttúrufegurð svo eitthvað sé nefnt. Staðsetning landshlutans er líka góð með hliðsjón af legu þéttbýlustu svæðanna en við liggjum mitt á milli þ.e.a.s Akureyri og Reykjavíkur.

En hvað þarf að gera til að staða landshlutans batni og vöxtur í bæði atvinnulífi og fólksfjölda verði að lágmarki á pari við meðaltalsþróunina á Íslandi?

Við þurfum að efla atvinnulífið og gera það fjölbreyttara, en til að svo megi verða þarf meðal annars að bæta bæði samgöngur og aðgengi fyrirtækja að raforku en framboð á umfram raforku hér í landshlutanum er afar lítið og flutningskerfið veikburða og gamalt. Umræður um endurbætur á kerfinu hafa staðið lengi og verið lengi í skipulagsferlum, en þeir ferlar eru bara allt of hægvirkir og vinnast alltof hægt. Það er því mikilvægt að tillögur um breytingar á Skipulagslögum sem hafa verið kynntar í samráðsgátt um heimild til

stofnunar sérstakra starfshópa með heimamönnum um hverja framkvæmd nái fram að ganga. Það getur ekki verið ásættanlegt að einstaka sveitarfélög séu að vinna í þessum ferlum svo árum og áratugum skiptir.

Það er heldur ekki ásættanlegt að helmingur vegakerfisins skuli enn þá vera gamlir malarvegir með einbreiðum brúm. Þetta þarf að laga og um það er samstaða innan landshlutans samanber nýlega samþykktu samgöngu og innviðaaáætlun SSNV. Vandamálið er hins vegar að hlutur landshlutans í fjármagni til vegaframkvæmda af hálfu ríkisins er ekki í nokkru samhengi við stærð landshlutans, landfræðilega, né þörf vegakerfisins á endurbótum. Þetta þarf að laga. Ein leiðin til þess gæti verið að gera sérstakan samgöngusáttmála fyrir landsbyggðina, sambærilegan og verið er að gera milli ríkis og sveitarfélaga á suðvestur horni landsins, en með slíku samkomulagi mætti kannski jafna stöðu landshlutanna frá því sem nú er.

Við þurfum líka að auka menntunarstig íbúanna en það mun án efa leiða til aukinnar nýsköpunar og til eflingar atvinnulífs. Sterkir grunnskólar og aukið framboð af framhaldsnámi og háskólanámi gegna þar lykilhlutverki. Hér gegna bæði Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum lykil hlutverki en aukinn vöxtur þeirra á sannarlega að geta styrkt landshlutann sem heild og gert hann að meira spennandi stað til að búa á. Það er því mikilvægt að áætlanir þessara stofnanna um aukinn vöxt nái fram að ganga og legg ég þar þunga áherslu á að fyrirætlanir Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands um byggingu rannsóknahúss vegna Lagereldis og kennslu nái fram að ganga ásamt öðrum áætlunum um uppbyggingu skólans sem lagðar hafa verið fram. Það sama á einnig við um fyrirhugaða stækkun Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra en þær áætlanir sem þar eru uppi þurfa að ná fram að ganga og verða að veruleika á næsta ári.

Hjá SSNV hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum á liðnum árum en oft getur verið erfitt að meta áhrif þeirra. Ljóst er samt að þau hafa ekki öll skilað tilætluðum árangri þó mörg hafi heppnast vel, en margt er einnig í vinnslu sem vonandi á eftir að leiða til jákvæðrar niðurstöðu fyrir eflingu atvinnulífs í landshlutanum.

Með nýlega undirrituðum samstarfssamningi við umhverfis, orku-, og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, SSNE, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur

um að SSNV verði aðili samstarfsverkefninu Eim sem gengur út á aðbæta nýtingu auðlinda á Norðurlandi með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljós, i opnast vonandi ný tækifæri á svæðinu. Samningurinn felur í sér að tvö stöðugildi muni bætast við starfsemi Eims og verða þau bæði staðsett á Norðurlandi vestra. Vonandi mun tilkoma þeirra leiða til nýrra hugmynda ásamt því að blása lífi í verkefni tengd aukinni nýtingu orkuauðlinda ásamt atvinnu- og verðmætasköpun úr þeim framleiðslueiningum sem við höfum nú þegar hér á svæðinu í dag.

Á síðustu mánuðum hefur mikil vinna verið lögð í endurgerð sóknaráætlunar fyrir landshlutann og er hún til umfjöllunar hér síðar í dag. Þessi sóknaráætlun er í raun samningur við ríkið og regnhlíf þeirra verkefna sem SSNV mun leggja áherslu á, á næstu árum en hún nær yfir árin 2025-2029. Við gerð hennar hafa verið haldnir þrjú íbúafundir, gerð skoðanakönnun um framtíðarsýn og áherslur meðal allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnunum í landshlutanum ásamt því að talað hefur verið við ólíka aðila úr samfélaginu frá meðal annars atvinnulífi, opinberum stofnunum og skólasamfélaginu um þeirra framtíðarsýn á þróun landshlutans. Á þessari stefnumótun munu áhersluverkefni og vinna SSNV byggjast á komandi árum ásamt því að hún er grunnurinn að því fjármagni sem ríkið veitir inn á svæðið til áhersluverkefna og í uppbyggingarsjóð. Val þeirra verkefna sem við svo veljum að þar fái framgöngu skiptir því miklu máli fyrir framtíðina og gagnsemina af Sóknaráætlun.

Fulltrúar sveitarstjórna í landshlutanum áttu á dögunum ágætan fund með ríkisstjórn Íslands þar sem við gerðum þeim grein fyrir stöðu landshlutans og þeim verkefnum sem hér eru í gangi. Fundurinn var um margt góður en ég saknaði þess samt að ekki skyldi á þeim tímapunkti hafa verið tilkynnt um neitt áttak til að jafna stöðu landshlutans, en eins og áður hefur komið fram þá þarf hér aukið áttak í uppbyggingu innviða svo fólksfjölgun og atvinnulíf vaxi að lágmarki sem svarar meðaltalinu á Íslandi. Dæmi um verkefni sem við höfum verið að vinna að og bent á er t.d. það óréttlæti að Ísavía skuli ekki koma með sama hætti að markaðssetningu á flugi til Akureyrar og þeir gera varðandi markaðssetningu á flugi til Keflavíkur, en til þess verja þeir um tveimur milljörðum á ári en ekki krónu til markaðsstarfs á flugi til Akureyrar. Þetta er óréttlæti sem stjórnvöld geta haft áhrif á, en Ísavía er alfarið í eigu íslenska ríkisins. Eins vil ég nefna þær hugmyndir sem nú eru á lofti um

afnám af ákveðnu skattfrelsi sem skemmtiferðaskip hafa sem sigla hringinn um landið með ferðamenn sem koma og fara frá landinu með flugi. Þessum skattaafslætti var komið á af stjórnvöldum til að blása lífi í þessa starfsemi og gera hana að raunhæfum kosti. Svo nú þegar hún er kominn á og hefur vaxið á bara að stroka þetta út með einu pennastriki. Forsvarsmenn skipafélaganna segja að verði það að veruleika sé grundvöllurinn fyrir þessum rekstri brostinn. Í okkar tilfalli hér skiptir þetta miklu máli en 15 skemmtiferðaskip hafa boðað komu sýna til Sauðárkróks næsta sumar, en meirihluti þessara farþega fara svo í rútur á bryggjunni og fara í fyrir fram pantaðar dagsferðir um Skagafjörð, Húnavatnssýslur eða eitthvað annað. Þessar ferðir geta allir skipulagt og auglýst upp í viðkomandi skipum. Það er búið að hafa mikið fyrir því að koma þessu á og markaðssetja hafnir og möguleika í skoðunarferðum og því er það ekki ásættanlegt að grundvöllinum verði kippt undan þessari starfsemi með einu pennastriki.

Það er líka fleira sem stjórnvöld geta gert til að aðstoða í innviðauppbýggingu og gera þar með landshlutann að meira spennandi búsetukosti. Það má t.d. örva mjög innviðauppbýggingu með því að undanskilja sveitarfélögin greiðslu virðisaukaskatts af nauðsynlegum innviðum til lögbundinna verkefna eða verkefna sem verður ekki komist hjá eins og byggingu skóla- og íþróttamannvirkja eða byggingu skólphreinsi stöðva frá þéttbýlisstöðunum, samkvæmt kröfum Alþingis. En það er stórt verkefni sem flest sveitarfélög standa frammi fyrir að þurfa að framkvæma á næstu árum.

Eins hef ég alltaf haft mikinn áhuga á að hið opinbera myndi beita skattakerfinu til eflingar búsetu á landsbyggðinni og má þar bæði nefna möguleika á lægri skattprósentu einstaklinga með fasta búsetu innan ákveðinna svæða, eða t.d. niðurfellingu námslána gegn ákveðinni búsetu að námi loku. Fleira mætti telja til en eins og staðan er í dag þá vinnur skattkerfið oftár gegn landsbyggðinni samanber skyldur okkar til að fullnýta álagningarstofna á fasteignaeigendur óháð þróun á fasteignaverði þeirra. Þetta leiðir til hærri gjalddöku af fasteignaeigendum á landsbyggðinni en í stærstu þéttbýlisstöðunum þar sem sveitarfélögin eru ekki eins háð jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs til reksturs málaflokka. Þar að auki hafa þessi sömu sveitarfélög fasteignargjöld af næstum öllum opinberum ríkisfasteignum á Íslandi.

Hvað framtíðin svo ber í skauti sér verður tíminn að leiða í ljós en það er samt ljóst að hægt og rólega er hlutverk SSNV að breytast. Bæði er það vegna sameiningar sveitarfélaga í landshlutanum en á síðustu rúmum tveimur árum hefur sveitarfélögunum fækkað um tvö í landshlutanum. Einnig sjást merki þess að hið opinbera leitar í auknum mæli til landshlutasamtakanna um samstarf. Nú síðast var gerður samningur um ráðningu verkefnisstjóra sem leiða á undirbúning að stofnun svæðisbundins farsældarráðs í landshlutanum, samkvæmt 5. grein laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, en markmiðið er að börn og foreldrar geti fengið aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana. Verður stöðugildið auglýst á næstu dögum.

Það er því ljóst að verkefnunum fækkar ekki en við þurfum bæði að þróa samtökin að breyttu umhverfi samhliða því að vinna í okkar stærsta verkefni sem er að styrkja landshlutann og gera hann að enn þá meira spennandi búsetukosti en hann er í dag.

Samkvæmt venjum og hefðum þá hefði sveitarstjóri Skagastrandar, Alexandra Jóhannesdóttir átt að stjórna fundi hér í dag en þar sem hún forfallaðist á síðustu stundu bið ég Pétur Arason, sveitarstjóra í Húnabyggð að taka við keflinu og vera þingforseti hér í dag. Og ef þingið er samþykkt (hér rétta þau upp hönd) þá legg ég til að þingritarar verði, Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV og vararitarar verði: Magnús Barðdal og Guðlaugur Skúlason.

Ég segi hér með 8. haustþing SSNV sett og bið Pétur Arason að taka við stjórn fundarins og þakka fyrir mig.

Einar E. Einarsson,

Formaður SSNV

